



Stúdentaráð Háskóla Íslands

FUNDARGERÐ

Stúdentaráðs Háskóla Íslands, 5. fundur

Þriðjudaginn, 12. nóvember 2024

16:30-19:00

Háskóli Íslands, Háskólatorg, HT-102

Fundarstjóri: Arent Orri Jónsson Claessen, forseti

Fundarritari: Daníel Hjörvar Guðmundsson, framkvæmdastjóri

Fundarmenn:

Adam Morthens (*án atkvæðisréttar*)

Alda María Þórðardóttir (*án atkvæðisréttar*)

Andrea Þórey Sigurðardóttir, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Röskva*

Anna Sóley Jónsdóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Ásdís Rán Kolbeinsdóttir (*án atkvæðisréttar*)

Birgir Ari Óskarsson (*án atkvæðisréttar*)

Birkir Snær Brynleifsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Dagur Sampsted (*án atkvæðisréttar*)

Eiríkur Kúld Viktorsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Elí Tómas Kurtsson (*án atkvæðisréttar*)

Ester Lind Eddudóttir, *stúdentaráðsliði, Röskva*

Gunnar Ásgrímsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Gunnar Freyr Þórarinsson, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Vaka*

Hannes Lúðvíksson (*án atkvæðisréttar*)

Ingibjörg Brynja Finnbjörnsdóttir, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Röskva*

Íris Gunnarsdóttir (*án atkvæðisréttar*)

Ísleifur Arnórsson, *stúdentaráðsliði, Röskva*

Jens Ingi Andrésen (*án atkvæðisréttar*)

Jóhann Almar Sigurðsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Júlíus Viggó Ólafsson, *stúdentaráðsliði, Vaka*

Katla Ólafsdóttir, *stúdentaráðsliði, Röskva*

Katrín Anna Karlsdóttir (*án atkvæðisréttar*)
Kristófer Breki Halldórsson (*án atkvæðisréttar*)
Magnús Hallsson (*án atkvæðisréttar*)
Patrik Edel, *stúdentaráðsliði, Röskva*
Ragnheiður Geirsdóttir, *stúdentaráðsliði, Vaka*
Sigurbjörg Guðmundsdóttir (*án atkvæðisréttar*)
Snæfríður Blær Tindsdóttir, *varafulltrúi í Stúdentaráði, Vaka*
Sóley Anna Jónsdóttir, *stúdentaráðsliði, Röskva*
Styrmir Hallsson, *stúdentaráðsliði, Röskva*
Sæþór Már Hinriksson (*án atkvæðisréttar*)
Tinna Eyvindardóttir *stúdentaráðsliði, Vaka (Snæfríður Blær Tindsdóttir fer með atkvæði í byrjun fundar)*
Valgerður Laufey Guðmundsdóttir (*án atkvæðisréttar*)
Viktor Pétur Finnsson (*án atkvæðisréttar*)
Viktoría Tea Vökudóttir (*án atkvæðisréttar*)

I. Fundur settur 16:39.

Meeting Called to Order.

II. Fundargerð fundar þann 26. september 2024 borin upp til samþykktar.

Approval of the Minutes from the Meeting on September 26th, 2024.

Fundargerð samþykkt með atkvæði allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Sóleyjar Önnu Jónsdóttur sem situr hjá.

III. Yfirferð á málum sem hafa verið á döfinni.

Review of Ongoing Issues.

Forseti fer yfir nokkur mál sem hafa verið á döfinni hjá Stúdentaráði. Hann rekur stuttlega samstarf Stúdentaráðs við stéttarfélagið Visku og fer yfir stöðu mála varðandi ráðningaferlið sem mun brátt hefjast. Því næst segir hann frá samráðsfundum sem Sigurbjörg, varaforseti, og Valgerður, hagsmunafulltrúi, hafa staðið fyrir. Síðan nefnir hann stuttlega herferð Stúdentaráðs sem brátt á að hrinda af stað. Loks talar hann um árshátíð Stúdentaráðs, og lofar því að miðaverð verði undir 10.000 krónum. Hann nefnir að það sé hægt vegna þess hve vel gekk á Októberfest.

IV. Tillaga um skrifstofa Stúdentaráðs setji sér umhverfisstefnu.
Proposal for the Student Council Office to Establish an Environmental Policy.

Flutningsmaður: Jóhann Almar Sigurðsson, stúdentaráðsliði.

TILLAGA
um að Skrifstofa Stúdentaráðs setji sér umhverfisstefnu

Jóhann kynnir tillöguna og rökstuðning fyrir henni.

Forseti spyr hvort það sé ekki heppilegra að Stúdentaráð setji sér umhverfisstefnu en ekki einungis skrifstofan. Jóhann svarar með þeim rökum að hinn eiginlegi rekstur eigi sér stað innan skrifstofu og því sé heppilegra að skrifstofan setji sér umhverfisstefnuna. Forseti og Jóhann ræða orðalag tillögu stuttlega.

Sigurbjörg fær að bera upp tæknilegt erindi og segir að ef skrifstofa Stúdentaráð setji sér umhverfisstefnu þá sé Stúdentaráð sjálft ekki sjálfkrafa með slíka.

Jóhann breytir eigin tillögu. Tillagan segir nú að Stúdentaráð skuli setja sér umhverfisstefnu.

Ísleifur spyr hvernig framkvæmd tillögunnar yrði háttað. Jóhann svarar honum og segir að það sé heppilegast að byrja smátt, setja mælanleg markmið sem hægt er að fylgja.

Ásdís spyr í hvaða höndum framkvæmdin myndi vera. Spyr einnig um aðkomu umhverfis- og samgöngunefndar. Jóhann svarar því að í praktík séu settar ýmsar kröfur um umhverfisvæna hegðun sem Stúdentaráð skal leitast við að uppfylla í störfum sínum.

Forseti segir það vel hægt að tvinna nefndir inn í þessa vinnu. Hann bætir því við að Stúdentaráð sé ansi stórt félag og undir nafni þess sé margvísleg starfsemi. Því sé mikilvægt að kveða á um hvaða vinnubrögð Stúdentaráð ætlar að starfa eftir með tilliti til umhverfismála.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna.

- V. Tillaga um skilvirkara bókunarkerfi á stofum Háskóla Íslands.
Proposal for a More Efficient Room Booking System at the University of Iceland.

Flutningsmaður: Ragnheiður Geirsdóttir, forseti Sviðsráðs
Félagsvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

TILLAGA
um skilvirkara bókunarkerfi á stofum Háskóla Íslands.

**Undirrituð leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að gera bókunarkerfi á
stofum Háskóla Íslands skilvirkara.**

Ragnheiður kynnir tillöguna. Hún tekur það fram að hún sé viljandi opin að
orðalagi þar sem ekki sé fyllilega ljóst hvernig hún ætti að vera framkvæmd.

Kosið um tillöguna.

Tillagan samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna.

- VI. Tillaga um að Stúdentaráð sendi inn athugasemd í samráðsgátt varðandi
fyrirhugað frumvarp um breytingar á lögum um opinbera háskóla nr.
85/2008

*Proposal for the Student Council to Submit a Comment on the Consultation Portal Regarding the
Proposed Amendment to the Law on Public Universities No. 85/2008.*

Flutningsmaður: Ísleifur Arnórsson, forseti sviðsráðs Hugvísindasviðs og
stúdentaráðsliði.

TILLAGA
**um að Stúdentaráð sendi inn athugasemd í samráðsgátt varðandi fyrirhugað
frumvarp Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins um breytingar
á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008.**

**Undirritaður leggur til að SHÍ sendi inn athugasemd í samráðsgátt um
fyrirhugað frumvarp Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins
um breytingar á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 og gagnrýni í
henni þá mismunun nemenda, í formi mishárna skólagjalda, sem
frumvarpið boðar.**

Ísleifur kynnir tillöguna. Hann útskýrir einnig tæknilega breytingu á orðalagi sem hann gerði einhliða á tillögunni áður en hún er kynnt.

Í stuttu máli er fyrirhugað að veita Háskóla Íslands heimild til að krefja nemendur innan EES um skólagjald sem tekur mið af þeim kostnaði sem verður til vegna þess náms sem umræddir nemendur stunda. Ísleifur telur það mikilvægt að allir geti stundað nám við Háskóla Íslands á jöfnum grundvelli, þá sé jafnrétti eitt af grunngildum Háskóla Íslands og brjóti þess ráðhagan gegn því gildi. Þá nefnir hann ýmis dæmi úr stefnu Háskóla Íslands og úr heimsmarkmiðum sem hann telur þessi fyrirhuguðu skólagjöld brjóta í bága við. Hann segir þetta mál sem varðar hagsmuni stúdenta með beinum hætti og því sé eðlilegt að Stúdentaráð beiti sér í því.

Forseti tekur undir með honum að þetta sé mál sem snertir stúdenta. Hann segir frá því að hann hafi átt samtöl við Jón Atla Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, um þessi málefni. Segir frá samstarfsverkefni þar sem unnið sé að inngildingunni. Hann telur að tillagan mætti vera orðuð með vægari hætti af praktískum ástæðum.

Sóley Anna styður tillöguna. Segir þetta mál hafa verið rætt í deildarráði Hugvísindasviðs. Segir að kennarar á Hugvísindasviði séu ósáttir með þetta og að þessi ákvörðun muni bitna einna mest á Verkfræði- og náttúruvísindasviði.

Júlíus Viggó skilur hvaðan tillagan kemur en telur vandamál við þá afstöðu sem hún geymir. Hann bendir á að Ísland sé eina norðurlandið sem ekki innheimti skólagjöld af nemendum utan EES. Bendir einnig á að skólinn sé illa fjármagnaður. Honum finnst það ekki réttlæt看legt gagnvart öðrum nemendum að það sé borgað með nemendum utan EES. Hann er með breytingartillögu

TILLAGA

um stúdentaráð sendi inn athugasemd í samráðsgátt varðandi fyrirhugað frumvarp Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins um breytingar á gjaldtökuheimildum opinberra háskóla.

SHÍ sendir inn umsögn í samráðsgátt um fyrirhugað frumvarp Háskóla-, Iðnaðar-, og nýsköpunarráðuneytisins um breytingar gjaldtökuheimildum opinberra háskóla og geri þar athugasemd um þær

breytingar sem fyrirætlaðar eru sem varðar stöðu nemenda frá löndum utan EES.

Júlíus segir það ekki hlutverk Stúdentaráðs að gæta hagsmuna nemenda utan EES framar annarra.

Forseti nefnir ýmisleg samstarfsverkefni Háskóla Íslands og segir þetta ekki hafa áhrif á skiptinám.

Júlíus bætir því við að skólagjöldin gildi ekki um þá sem hafa fengið hæli hér á landi.

Andrea Pórey tiltekur að 66% af doktorsnemunum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði og 45% af doktorsnemunum á Hugvísindasviði séu með erlent ríkisfang og þar af helmingur utan EES. Hún segir mikilvægt að verja hag þessa fólks. Hún minnir Stúdentaráðsliða á að þeir berjist fyrir hagsmunum stúdenta, en ekki eigin hagsmunum Háskóla Íslands eða hagsmunum stjórnmalaflokka.

Forseti tekur fram að fyrirhugað frumvarp gildi ekki um doktorsnema. Hann segir að allir séu á vettvangi Stúdentaráðs að vinna að hagsmunum stúdenta.

Ísleifur telur tillögu sína góða í núverandi mynd og ekki ástæða til að draga úr biti hennar. Hann segir það ekki koma hagsmunabaráttu stúdenta við hvað önnur lönd geri. Hann útskýrir nánar orðalag tillögu sinnar. Hann segir markmið tillögunnar ekki endilega að tekin verði afdráttarlaus afstaða gegn frumvarpinu heldur frekar að vekja athygli á þessu máli. Hann telur það óæskilegt að letja fólk utan EES til náms við Háskóla Íslands.

Forseti útskýrir nánar efni frumvarpsins.

Júlíus tekur undir ýmsa punkta sem forseti hefur þegar farið yfir. Júlíus segir að hagsmunir Háskóla Íslands séu samtengdir hagsmunum stúdenta. Hann segir það sem önnur lönd geri hafa mikil áhrif á Íslands. Hann telur breytingartillögu sína vera besta kostinn.

Kosið um breytingartillöguna.

Breytingartillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra vökuliða. Ísleifur Arnórsson, Katla Ólafsdóttir, og Sóley Anna Jónsdóttir greiða atkvæði gegn breytingartillögunni og aðrir sitja hjá.

Andrea Þórey tekur fram að hún hafi ekki verið að gefa í skyn áður að einhver væri að starfa af óheilindum.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra vökuliða auk Andreu Þóreyjar Sigurðardóttir. Ísleifur Arnórsson greiðir atkvæði gegn tillögunni og aðrir sitja hjá.

VII. Framkvæmdaáætlun alþjóðanefndar kynnt.

Presentation of the Action Plan of the International Committee.

Flutningsmaður: Snæfríður Blær Tindsdóttir, alþjóðafulltrúi

Snæfríður kynnir framkvæmdaáætlun alþjóðanefndar.

Kosið um framkvæmdaáætlunina.

Framkvæmdaáætlunin er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna.

VIII. Fundarhlé. 17:35-17:45.

Intermission 17:35 to 17:45.

IX. Framkvæmdaáætlun umhverfis- og samgöngunefndar kynnt.

Presentation of the Action Plan of the Environment and Transportation Committee.

Flutningsmaður: Ásdís Rán Kolbeinsdóttir, forseti umhverfis- og samgöngunefndar.

Ásdís kynnir framkvæmdaáætlun umhverfis- og samgöngunefndar.

Styrmir spyr hvort það sé ekki tilefni til að bæta við nokkrum orðum um hraðahindrun á milli Öskju og Grósku. Ásdís samþykkir það.

Kosið um framkvæmdaáætlunina.

Framkvæmdaáætlunin er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Gunnars Freys Þórarinssonar sem situr hjá.

X. Framkvæmdaáætlun lagabreytinganefndar kynnt.

Presentation of the Action Plan of the Bylaws Amendment Committee.

Flutningsmaður: Jens Ingi Andrésson, forseti lagabreytinganefndar

Jens Ingi kynnir framkvæmdaáætlun lagabreytinganefndar.

Styrmir út í vinnulag nefndarinnar. Jens svarar og segir að nefndin reyni ávallt að láta gögn fylgja með sem varpa ljósi á þankagang nefndarinnar.

Forseti rifjar stuttlega upp þá vinnu sem nefndin hefur þegar unnið að og verið samþykkt.

Jens segir að markmiðið sé fyrst og fremst að lög Stúdentaráðs verði skýrari.

Styrmir spyr hvornig ágreiningur innan nefndarinnar væri leystur. Jens segir að það hafi ekki komið til þess, en ef ske kynni þá myndi meirihluti nefndarinnar ráða.

Forseti lýsir sérstæðu nefndarinnar og muni á henni og lagaráði. Hann bætir við að gögn lagaráðs sé aðgengilegt stúdentaráðsliðum.

Kosið um framkvæmdaáætlunina.

Framkvæmdaáætlunin er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Gunnars Freys Þórarinssonar sem situr hjá.

XI. Framkvæmdaáætlun nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar kynnt.

Presentation of the Action Plan of the Innovation and Entrepreneurship Committee.

Flutningsmaður: Hannes Lúðvíksson, forseti nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar

Hannes kynnir framkvæmdaáætlun nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar.

Kosið um framkvæmdaáætlunina.

Framkvæmdaáætlunin er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna nema Andreu Þóreyjar Sigurðardóttur og Gunnars Freys Þórarinssonar sem sitja hjá.

- XII. Tillaga um aukningu tíðarvara í byggingum VR-II, Tæknigarði og Öskju.
Proposal to Increase the Availability of Menstrual Products in VR-II, Tæknigarður, and Askja Buildings.

Flutningsmaður: Jóhann Almar Sigurðsson og Kristín Friða Sigurborgardóttir, forseti sviðsráðs Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

TILLAGA

um aukningu tíðarvara í byggingu VR-II, Tæknigarðar og Öskju.

Undirrituð leggja til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að auka aðgengi að tíðarvörum í byggingum háskólans, sérstaklega í VR-II, Tæknigarði og Öskju.

Jóhann kynnir tillöguna.

Andrea Þórey leggur til að klappað sé fyrir tillögunni. Það er gert.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna.

- XIII. Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að haldin verði inntökupróf í læknisfræði, sjúkraþjálfunarfræði og tannlæknisfræði víðar en í Reykjavík.
Proposal for the Student Council to Advocate for Medical, Physiotherapy, and Dental School Entrance Exams to be Held Beyond Reykjavík.

Flutningsmaður: Eiríkur Kúld Viktorsson, forseti sviðsráðs Heilbrigðisvísindasviðs og stúdentaráðsliði.

TILLAGA

Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) skal beita sér fyrir því að haldið verði inntökupróf í læknisfræði, sjúkraþjálfunarfræði og tannlæknisfræði á fleiri stöðum en í Reykjavík.

Eiríkur kynnir tillöguna.

Forseti tekur undir efni tillögunnar og nefnir að háskólinn sé með viðverum víðsvegar um landið og því ætti þetta að vera lítið mál.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna.

- XIV. Tillaga um að Stúdentaráð ráðstafi árlega tiltekinni fjárhæð til nefnda SHÍ og sviðsráða til að efla félagslíf og starfsemi nefndanna.
Proposal for the Student Council to Allocate an Annual Sum to SHÍ Committees and Councils to Strengthen Social Life and Activities within the Committees.

Flutningsmaður: Arent Orri Jónsson Claessen, forseti

TILLAGA

um að Stúdentaráð ráðstafi árlega tiltekinni fjárhæð til nefnda SHÍ og sviðsráða til að efla félagslíf og starfsemi nefndanna.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð ráðstafi árlega tiltekinni fjárhæð til nefndarstarfa SHÍ og sviðsráða til að efla starfsemi og standa undir því starfi sem þar fer fram. Framkvæmdastjóri skal taka saman tillögu að fjárhæðinni sem tekur mið af fjárstöðu Stúdentaráðs ár hvert, og stjórn Stúdentaráðs tekur ákvörðun byggt á þeirri tillögu. Undirritaður leggur einnig til að Lagaráð hafi tillöguna að leiðarljósi við endurskoðun laga, og meti hvort tillöguna ætti að festa sem efnisreglu í samþykktum SHÍ. Framkvæmdastjóri skal halda utan um fjárvörslu á styrk samkvæmt tillögunni, og halda utan um bókhald vegna þess. Skulu þessar fjárhæðir sérstaklega tilgreindar í ársreikningi Stúdentaráðs.

Forseti kynnir tillöguna.

Styrmir spyr um fyrirkomulag tillögunnar. Forseti útskýrir það nánar. Kjarni tillögunnar er að nefndir og sviðsráð geti gengið að einhverjum fjármunum vísu.

Framkvæmdastjóri segir að skilningur hans á tillögunni sé sá að sviðsráðin og nefndirnar eigi í raun inneign hjá Stúdentaráði sem þau geti notað til að kosta ýmislegt.

Jóhann spyr um fjárvörsluna og hvort að framkvæmdastjóri hafi heimild til að neita sviðsráðum og nefndum um þennan pening. Forseti segir að það sé almennt ekki þannig. Ef ljóst er að viðkomandi ætli að nota fjármuni í eitthvað sem sé óeðlilegt eða ef fjárhæðin er óeðlileg geti framkvæmdastjóri borið það undir stjórn eða Stúdentaráð sem taki þá ákvörðun um það.

Katla segir þetta jákvætt og nefnir að þetta hafi áður verið gert í annarri mynd.

Júlíus fagnar tillögunni. Rekur sína reynslu af félagsstörfum í framhaldsskóla.

Styrmir spyr hvenær væri hægt að hrinda þessu í framkvæmd. Forseti segir það allt eins geta verið þegar í stað og fer nánar yfir framkvæmd tillögu.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna.

XV. Bókfærð mál og tilkynningar.

Recorded Matters and Announcements

Forseti vill greiða atkvæði um staðfestingarnar í einu lagi.

Kosið um staðfestingarnar. Einróma samþykkt.

- i. Staðfesting á skipun Signý Pálu Pálsdóttur í umhverfis- og samgöngunefnd í stað Jóhanns Almars Sigurðssonar.
Confirmation of the Appointment of Signý Pála Pálsdóttir to the Environment and Transportation Committee, Replacing Jóhann Almar Sigurðsson.
- ii. Staðfesting á skipun S. Magga Snorrasonar og Þórkötlunnar Eggerz Tinnudóttur í félagslífs- og menningarnefnd í stað Fjólu Kristnýj Andersen og Kristján Benónýj Kristjánssonar.
Committee. Confirmation of the Appointment of S. Maggi Snorrason and Þórkatla Eggerz Tinnudóttir to the Environment and Transportation Committee, Replacing Fjóla Kristnýj Andersen and Kristján Benónýj Kristjánsson.

XVI. Önnur mál.
Other Matters

i. Framkvæmdaáætlun kennslunefndar.

Sóley Anna og Ingibjörg kynna framkvæmdaáætlunina.

Styrmir spyr hvort það hvíli skylda á kennurum að taka upp kennslu stundir. Forseta og framkvæmdastjóra finnst ólíklegt að það sé hægt að neyða einhvern til þess.

Valgerður Laufey, hagsmunafulltrúi, bendir á að kennurum er skylt að veita nemendum aðgang að gömlum prófum.

Kosið um framkvæmdaáætlunina.

Framkvæmdaáætlunin er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna.

ii. Tillaga

TILLAGA

um undanþágur fyrir stúdenta sem eru foreldrar barna sem lentu í smiti á Mánagarði.

Undirritaður leggur til að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að tekið verði tillit til foreldra barna sem lentu í E. coli smitinu á Mánagarði. Stúdentaráð geri þá kröfu að tekið verði tillit til þessara foreldra t.d. þegar kemur að kröfum fyrir íbúðir þeirra hjá Stúdentagörðum, námsframvindu fyrir námslán og niðurfellingu hjá MSNM, skil á skilaverkefnum hjá háskólanum eða að þessir stúdentar geta fengið að taka sjúkrapróf þetta misseri án þess að þurfa að sýna fram á læknisvottorð, o.s.frv.

Júlíus kynnir tillöguna.

Forseti hrósar tillögunni. Það sé skylda Stúdentaráðs að standa með þeim sem urðu fyrir þessu áfalli. Hann tekur fram að Félagsstofnun Stúdenta hafi viðurkennt bótaskyldu.

Forseti segir að FS hafi viðurkennt mistök.

Kosið um tillöguna.

Tillagan er samþykkt með atkvæðum allra atkvæðisbærra fundarmanna.

iii. Fyrirhugaðar breytingar á reglum um kosningar til Stúdentaráðs.

Forseti kynnir fyrirhugaðar breytingar á reglum um kosningar til Stúdentaráðs.

Andrea spyr út í praktískt atriði varðandi breytinguna. Forseti útskýrir röðun atkvæða.

Katla segir að þetta geti vel virkað en að það þurfi að skoða þetta betur og meiri vinna að eiga sér stað

Patryk spyr hvort það sé tilefni að banna kjósendum að raða á lista. Forseti vill fara varlega í að banna það.

Júlíus veltir steinum. Forseti veltir líka steinum.

Jóhann segir rómantík í því að einstaklingar geti farið í framboð.

Jóhann spyr hvort það sé hægt að búa til aðra hreyfingu. Forseti segir að það sé hægt.

Júlíus spyr hvort þetta verði rætt síðar. Forseti játar því.

Sóley Anna spyr út í póst þar sem vantaði hluta af texta. Forseti segist ætla að skoða það.

Fundi slitið 19:05.

Um liði II., IV. – VII. og IX. – XIII. fer fram atkvæðagreiðsla.

I.	Fundur settur	16:30 – 16:35
II.	Fundargerð fundar þann 26. September 2024 borin upp til samþykktar	16:30 – 16:35
III.	Yfirferð á málum sem hafa verið á döfinni	16:35 – 16:45
IV.	Tillaga um að skrifstofa Stúdentaráðs setji sér umhverfisstefnu	16:45 – 16:55
V.	Tillaga um skilvirkara bókunarkerfi á stofum Háskóla Íslands	16:55 – 17:05
VI.	Tillaga um að Stúdentaráð sendi inn athugasemd í samráðsgátt varðandi fyrirhugað frumvarp um breytingar á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008	17:05 – 17:15
VII.	Framkvæmdaáætlun alþjóðanefndar	17:15 – 17:25
VIII.	Fundarhlé	17:25 – 17:40
IX.	Framkvæmdaáætlun umhverfis- og samgöngunefndar	17:40 – 17:50
X.	Framkvæmdaáætlun lagabreytinganefndar	17:50 – 18:00
XI.	Framkvæmdaáætlun nýsköpunar- og frumkvöðlanefndar	18:00 – 18:10
XII.	Tillaga um aukningu tíðarvara í byggingum VR-II, Tæknigarði og Öskju	18:10 – 18:20
XIII.	Tillaga um að Stúdentaráð beiti sér fyrir því að haldin verði inntökupróf víðar en í Reykjavík.	18:20 – 18:30
XIV.	Tillaga um að Stúdentaráð ráðstafi árlega tiltekinni fjárhæð til nefnda SHÍ og sviðsráða til að efla félagslíf og starfsemi nefndanna	18:30 – 18:40
XV.	Bókfærð mál og tilkynningar	18:40 – 18:45
XVI.	Önnur mál	18:45 – 18:50